

# Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 26. september 2017 í máli nr. E-1268/2017:

**Árni Björn Skaftason**

*(Leó Daðason hdl.)*

**gegn**

**KEIMI ehf.**

*(Almar Þór Möller hdl.)*

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 12. september sl., var höfðað 30. mars sl. af stefnanda, Árna Birni Skaftasyni, Dalalandi 2 í Reykjavík, gegn Keimi ehf., Faxafeni 14 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða honum skuld að fjárhæð 16.456.832 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. mars 2017 til greiðsludags, en til vara er krafist „lægri fjárhæðar“. Þá krefst stefnandi málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

Stefndi krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi, til vara sýknu og til þrautavara að stefnukrafa verði lækkuð. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Í þessum þætti málsins er þess krafist af hálfu stefnda að málinu verði vísað frá dómi og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað. Af hálfu stefnanda er þess krafist að kröfu stefnda um frávísun málsins verði hrundið og málið verði tekið til efnismeðferðar.

## I

Í máli þessu er deilt um endurgjald fyrir vinnu stefnanda hjá stefnda 10. september 2014 til 8. febrúar 2017. Stefnandi lýsir málsatvikum svo að hann hafi tekið við stöðu fjármálastjóra stefnda með samkomulagi við eigendur. Samið hafi verið um að hann innti af hendi vinnu gegn því að hann myndi eignast hlut í fyrirtækinu, en ósamið hafi verið um hver laun hans skyldu vera að öðru leyti. Ekki hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur.

Stefnandi hafi ekki fengið nein laun á framangreindu tímabili. Þann 8. febrúar 2017 hafi honum verið gert að yfirgefa starfsstöðvar félagsins með þeim skilaboðum að ekki yrði staðið við samkomulag aðila um eignarhlut til handa stefnanda.

Með bréfi 8. mars 2017 hafi stefnandi krafist launa vegna vinnu sinnar í þágu stefnda. Þess hafi verið krafist að gengið væri til samninga í samræmi við laun fjármálastjóra samkvæmt launakönnun VR. Engin svör hafi borist frá stefnda.

Stefnandi kveður kröfu sína um greiðslu vangreiddra launa byggjast á meginreglu vinnuréttarins um skyldu vinnuveitanda til að greiða starfsmanni sínum laun fyrir þá vinnu sem hann inni af hendi. Óumdeilt sé að félagið hafi samþykkt vinnu hans sem fjármálastjóra.

Samningar séu almennt ekki formbundnir að íslenskum rétti og það gildi jafnframt um ráðningarsamninga. Ráðningarsamband hafi stofnast með óformlegum hætti og gildandi samningur hafi komist á milli aðila. Samkvæmt meginreglu vinnuréttar skuli hins vegar staðfesta ráðningu skriflega eða gera um hana ráðningarsamning. Stefndi hafi ekki uppfyllt þær skyldur.

Krafa stefnanda byggist á útreikningum og launakönnunum VR fyrir árið 2016. Samkvæmt henni séu mánaðarleg heildarlaun fjármálastjóra 851.000 krónur. Útborguð laun séu því um 567.477 krónur. Stefnandi telji þessi laun hæfilegt endurgjald og byggi kröfu sína á þeim. Hann hafi starfað í þrjár vikur í september 2014. Launakrafan fyrir þann tíma sé því 425.607 krónur. Hann hafi starfað í 28 heila mánuði frá 1. október 2014 til 31. janúar 2017. Samkvæmt því sé gerð krafa vegna þess tímabils um 15.889.356 krónur. Þá hafi stefnandi starfað í eina viku í febrúar 2017 og krafan vegna þess sé 141.869 krónur. Heildarkrafa stefnanda nemi því 16.456.832 krónum.

Stefnandi byggi á því að stefndi hafi vanefnt bindandi ráðningarsamning við stefnanda með því að greiða honum ekki laun og uppfylla aðrar samningsskyldur sínar. Samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks o.fl., fari launakjör starfsmanna eftir því starfi sem þeir gegni. Stefnandi hafi starfað sem fjármálastjóri stefnda og því beri að leggja ofangreind heildarlaun til grundvallar kröfu hans.

Stefndi beri hallann af skorti á sönnun um efni ráðningarsambandsins. Kjarasamningsbundin skylda hvíli á honum til þess að gera slíkan samning, sbr. auglýsingu nr. 503/1997 um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins nr. 91/533/EBE frá 14. október 1991 um skyldu vinnuveitenda til að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrrirkomulagi. Þá vísi stefnandi til stjórnunarréttar stefnda og bókhaldsskyldu hans.

## II

Stefndi byggir kröfu sína um frávísun málsins á því að stefnukröfur og málatilbúnaður stefnanda í stefnu uppfylli ekki áskilnað laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. einkum d- og e-liði 1. mgr. 80. gr. laganna.

Krafa stefnanda byggist á meðallaunum fjármálastjóra og sé sett fram „með hliðsjón af útreikningum og launakönnun VR“. Stefndi telji með öllu óljóst við hvað þær tölur sem stefnandi vísi til séu miðaðar og á hvaða grundvelli sé rétt að miða við þær. Í 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda segi að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semji um, skuli vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á því svæði er samningurinn taki til. Þá segi að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveði skuli ógildir. Stefnandi byggi kröfu sína hins vegar ekki á þeim launum sem hann kundi að eiga rétt til í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga heldur byggi þess í stað að ótilgreindri launakönnun. Stefnandi telji kröfuna vera óskýra og vanreifaða og því ekki í samræmi við d- og e-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

Launakönnun sú sem stefnandi vísi til nái aðeins til ársins 2016 samkvæmt stefnunni en þó sé gerð krafa um laun allt aftur til ársins 2014. Virðist stefnandi þannig gera kröfu um meðallaun ársins 2016 einnig fyrir árin 2014 og 2015. Kröfugerðin sé að þessu leyti óskýr og ekki ljóst á hvaða forsendum krafan sé byggð.

Stefnandi byggi á því að gildur ráðningarsamningur hafi stofnast á milli aðila og lýsi jafnframt efni hans á þann hátt að stefnandi myndi eignast hlut í fyrirtækinu. Í kjölfarið útskýri hann kröfu sína um greiðslu 16.456.832 króna með hliðsjón af útreikningum og launakönnun VR fyrir árið 2016. Samkvæmt því sé krafist útborgaðra meðallauna, en ekki krafist efnda á þeim samningi sem stefnandi byggi á að sé fyrir hendi. Krafan sé í þversögn við lýsingu hans á samningi aðila. Hún sé því vanreifuð og andstæð d- og e-liðum 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

### III

Stefnandi hafnar því að vísa beri málinu frá dómi. Öll skilyrði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 séu uppfyllt. Stefnandi geri kröfu um réttindi sín til eftirstöðva vinnulauna. Hann hafi átt að fá greitt fyrir vinnuna í formi hlutafjár en ekki hafi orðið af því að hann fengi það og honum hafi verið vikið fyrirvaralaust af starfstöð stefnda. Stefnandi hafi verið fjármálastjóri og eigi rétt til launa í samræmi við það. Hann eigi rétt á meðallaunum sem séu greidd á almennum vinnumarkaði, en um kröfuna sé vísað til opinberra gagna sem allir hafi aðgang að. Þá sé gagnaöflun ekki lokið og því enn hægt að koma að nánari gögnum. Krafan sé sundurgreind og útskýrð í stefnu. Ekki sé ósamræmi á milli fjárkröfunnar og málatilbúnaðar stefnanda. Stefnandi telji ekki eiga að miða við gildandi kjarasamninga þar sem einungis sé um lágmarksréttindi að ræða. Ekkert bendi til þess að krafa stefnanda sé ósanngjörn, en lægri fjárhæðir rúmist innan kröfunnar. Um ytrustu kröfur sé að

ræða. Máltilbúnaður um lágmarkslaun rúmist innan kröfu stefnanda, en hægt sé að lækka fjárhæðina þurfi að koma til þess. Nægilega skýr grundvöllur hafi því verið lagður að kröfunni.

Dómkrafa stefnanda sé skýr og sundurgreind. Þótt byggt sé á tölum í launakönnun frá árinu 2016 sé ljóst að um sé að ræða hámarkskröfu en heimilt sé að ganga skemur og dæma lægri fjárhæð. Eðlilegt sé að setja ekki fram kröfu um efndir sammingsins eftir efni hans þar sem ljóst sé að ekki verði af efndum, heldur hafi stefndi verið rekinn. Sú staða hafi skapað honum rétt til launa aftur í tímann. Dómkrafan sé ekki um efndir á samkomulagi. Máltilbúnaður stefnanda sé samkvæmt þessu nægilega glöggur til að dómur verði lagður á málið.

#### IV

Stefndi krefst þess að máli þessu verði vísað frá dómi á þeim grundvelli að stefnukrafa og máltilbúnaður í stefnu uppfylli ekki áskilnað laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um skýran og glöggan máltilbúnað.

Stefnandi krefst í máli þessu launa fyrir starf sitt hjá stefnda á árunum 2014 til 2017. Hann reisir kröfu sína á því að komist hafi á bindandi samningur milli aðila um að hann myndi eignast hlut í stefnda gegn því að hann innti af hendi vinnu. Er raunar óumdeilt í málinu að slíkt samkomulag hafi komist á. Krafa stefnanda lýtur þó ekki að efndum á samningnum eftir efni sínu heldur telur hann sig hafa öðlast rétt til launa þar sem samningurinn hafi ekki verið efndur. Krafa stefnanda er því ekki í samræmi við það samkomulag sem hann byggir á að hafi verið fyrir hendi.

Stefnandi gerir ekki grein fyrir því á hvaða grundvelli hann eigi rétt til launanna eða hvers vegna þau skuli vera þau sem hann krefst. Krafa hans miðast við laun fjármálastjóra samkvæmt launakönnun VR árið 2016. Segir raunar í stefnu að krafan sé sett fram „með hliðsjón af útreikningum og launakönnun VR fyrir árið 2016“ án þess að nánari grein sé gerð fyrir því hvað felist í því. Framangreind launakönnun er ekki meðal gagna málsins þátt fyrir að stefnanda hafi borið að leggja fram þau gögn sem hann byggir kröfur sínar á við þingfestingu málsins, sbr. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 91/1991. Það eitt og sér veldur þó ekki frávísun málsins, enda hefur gagnaöflun ekki verið lýst lokið. Þá er ekki að finna í stefnu skýringar á því hvers vegna gerð er krafa um laun fyrir allt tímabilið í samræmi við könnun fyrir árið 2016. Ekki er vísað til tilgreinds kjarasammings þrátt fyrir að vísað sé til meginreglna um að laun skuli greiða „í samræmi við gildandi ráðningar- og/eða kjarasamning“. Stefnandi kveðst engin laun hafa fengið frá stefnda. Þrátt fyrir það hafa verið lagðir fram í málinu launaseðlar frá stefnda til stefnanda vegna mánaðanna janúar til apríl 2016. Laun stefnanda samkvæmt þeim eru ekki í samræmi við þá launakönnun sem byggt er á, en engar skýringar á þessu er að finna

í stefnu. Samkvæmt öllu framangreindu verður að telja að samhengi málsatvika og málsástæðna og lagaraka sé ekki nægilega skýrt í stefnu.

Af framangreindum sökum telur dómurinn að stefnandi hafi ekki fært viðhlítandi rök fyrir kröfugerð sinni. Þykir málatilbúnaður hans ekki vera í samræmi við e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, en samkvæmt honum skal lýsing málsástæðna sem stefnandi byggir málsókn sína á, svo og önnur atvik sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, að vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið er. Verður því fallist á kröfu stefnda um frávísun málsins.

Með hliðsjón af þessari niðurstöðu og vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem ákveðst 250.000 krónur.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

### **Ú R S K U R Ð A R O R Ð :**

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Árni Björn Skaftason, greiði stefnda, Keimi ehf., 250.000 krónur í málskostnað.

Barbara Björnsdóttir